

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Ákvarðanir stjórnar skulu teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnin ræður forstöðumann sem annast daglegan rekstur sjálfseignarstofnunarinnar og er yfirmaður annars starfsfólks. Stjórnin veitir prókúru. Forstöðumaður ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar.

7. gr.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

8. gr.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og staðfestur af stjórn og skal, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári, sendur Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní næsta ár.

9. gr.

Meirihluti stjórnar getur samþykkt breytingar á skipulagsskrá þessari og lagt sjálfseignarstofnunina niður. Ef stofnunin er lögð niður skal stofnframlagið og aðrar eignir renna til styrktar sambærilegri starfsemi skv. ákvörðun stjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kynnu að verða gerðar.

Reykjavík, 23. september 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1998.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 579

1. október 1998

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar, hvað varðar Austurstræti 18.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur, þann 22. september 1998, samþykkt breytingu á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar, dags. 22. febrúar 1988. Breytingin nær til lóðarinnar Austurstrætis 18 og felst í breyttu útliti 1. og 2. hæðar götuhliðar og útliti 2. hæðar bakhliðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 1. október 1998.*

**Þorvaldur S. Þorvaldsson** skipulagsstjóri.